



Fundargerð 30. fulltrúafings Sjúkraliðafélags Íslands

Haldið í fjarfundi þriðjudaginn 18. maí 2021, kl. 10:00,
í félagsaðstöðu sjúkraliða við Grensásveg 16, Reykjavík

Dagskrá fulltrúafings:

- a. Þingsetning.
- b. Nafnakall þingfulltrúa.
- c. Kosning starfsmanna þingsins, forseta, varaforseta og tveggja þingritara.
- d. Skýrsla stjórnar.
- e. Reikningar félagsins og sjóða á vegum þess.
- f. Ákvörðun félagsgjalda.
- g. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár lögð fram til samþykktar.
- h. Tillögur að lagabreytingum.
- i. Starfsreglur fyrir sjóði og deildir félagsins eða breytingar á þeim.
- j. Lýst formannskjöri.
- k. Kosning til stjórnar. Kosið er í embætti varaformanns, ritara og gjaldkera, auk varamanna í störf gjaldkera og ritara.
- l. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og jafn margra til vara.
- m. Kosning fastanefnda samkvæmt lögum félagsins, þ.m.t. fulltrúa félagsins á bandalagsþing og aðalfundi BSRB.
- n. Önnur mál.

a. Þingsetning

Formaður Sjúkraliðafélags Íslands, Sandra B. Franks, bauð þingfulltrúa velkomna á 30. fulltrúaþing félagsins sem haldið var í fjarfundi vegna óvissu um framvindu Covid – 19 í samfélaginu. Formaður setti þingið með stefnumótandi ræðu sem nálgast má hér:

[Stefnuræða formanns](#)

b. Nafnakall þingfulltrúa

Hulda Birna Frímannsdóttir (HBF), formaður kjörstjórnar viðhafði nafnakall. Þrír fulltrúar voru fjarverandi.

Sandra B. Franks benti á að fulltrúaþingið væri lögmætt þar sem rétt væri til þess boðað og að minnsta kosti 4/5 fulltrúa voru mættir. Til fulltrúaþingsins hefði verið boðað með sannarlegum hætti og með löglegum tveggja vikna fyrirvara. Þá hafi með fundarboðinu fylgt dagskrá þingsins, reikningar félagsins fyrir liðið ár og tillögur til breytinga á lögum og reglum félagsins sem verða lagðar fyrir þingið

c. Kosning starfsmanna þingsins, forseta, varaforseta og tveggja þingritara

SBF bar upp tillögu stjórnar um Gunnar Örn Gunnarsson (GÖG) sem forseta þingsins, Birnu Ólafsdóttur (BÓ) sem varaforseta og Birnu Ósk Björnsdóttur (BÓB) og Jóhönnu Traustadóttur (JT), sem ritara þingsins. Engar athugasemdir bárust við tillöguna og var hún því borin upp fyrir þingið og samþykkt samhljóða. SBF fól GÖG og BÓ fundarstjórn þingsins.

GÖG fundarstjóri óskað eftir samþykki fundarins um að rafrænar kosningar færu fram allar í einu, eftir að kynning á öllum tillögum sem lögju fyrir þinginu hefði farið fram, þ.e. á reikningum félagsins, fjárhagsáætlun, tillögum til laga- og reglugerðarbreytinga. Engar athugasemdir eða ábendingar voru gerðar við þá beiðni fundarstjóra og var hún því samþykkt.

GÖG fór yfir það að smávægilegar breyting yrði á hefðbundnum störfum fulltrúaþings því að loknu hléi í hádeginu kæmi Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra og ávarpaði þingið og að loknu erindi ráðherra verði flutt kveðja til Birnu Ólafsdóttur, þar sem hún er að ljúka vinnuferli sínum hjá Sjúkraliðafélagi Íslands.

d. Skýrsla stjórnar félagsins

Formaður, Sandra B. Franks, mælti fyrir skýrslu stjórnar og fór yfir það helsta sem fram fór á starfsárinu. Óskað var eftir athugasemdum og umræðu um skýrslu stjórnar. Birna Ólafsdóttir, formaður Fræðslunefndar, benti var á að ekki væri gerð grein fyrir skýrslu fræðslunefndar í ársskýrslunni. Formaður benti á að snarlega verði brugðist við því. Skýrslan er gefin út á rafrænu formi og hægt er að nálgast hana á heimasíðu félagsins. [Ársskýrsla 2021](#).

BÓ þakkaði formanni fyrir og upplýsti að vegna Covid – 19 myndi ekki verða kosið í starfsnefndir á fulltrúaþinginu eins og venja er.

GÖG fór yfir drög að þremur ályktunum, ályktun um mönnunarstefnu, um forgangsrétt til sérhæfðra starfa, og um fagráð á hjúkrunarheimilum. Eftir kynningu á ályktunum voru þær sendar með tölvupósti til kjörinna þingfulltrúa og í lok fulltrúaþingsins fóru fram umræður og atkvæðagreiðsla.

e. Reikningar félagsins og sjóða á vegum þess.

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir gjaldkeri (JJS) fór yfir ársreikninga félagsins, þ.e. félagssjóðs, Starfsmenntasjóðs, Vinnudeilu- og verkfallssjóðs auk Styrktar- og minningarsjóðs. Fjárhagur og rekstrarafkoma félagsins er í góðu jafnvægi. Óskað var eftir athugasemdum og umræðu um reikninga félagsins. Engar athugasemdir bárust.

GÖG fór yfir ársreikning Orlofsheimilasjóðs. Sagt var frá því að orlofs- og ferðanefnd hefði selt íbúðina í Safamýri og að keypt hefði verið íbúð í Hallgerðargötu í staðin, sem hefur verið greidd að fullu og er farin í útleigu. Íbúðin er öll hin glæsilegasta, lyfta er í húsinu og allt aðgengi mjög gott. Bent var á að leigutekjur höfðu lækkað á milli ára vegna Covid - 19, engin leiga hefði verið á íbúðinni í Kaupmannahöfn. Engu að síður væri fjárhagur og rekstur sjóðsins í góðu jafnvægi. Óskað var eftir athugasemdum og umræðu um reikninga Orlofsheimilasjóðs. Engar athugasemdir bárust.

f. Ákvörðun félagsgjalda.

JJS lagði fram eftirfarandi tillögur um félagsgjöld:

- að stéttarfélagsgjöld yrðu óbreytt 1,4% af öllum launum fyrir næsta starfsár
- að fagfélagsgjöld yrðu óbreytt kr. 10.000.- fyrir árið 2022
- að stéttarfélagsgjöld hvers sjúkraliða yrðu að hámarki kr. 108.000.- fyrir árið 2022.

Óskað var eftir umræðu eða athugasemdum við framlagðar tillögur stjórnar. Engar athugasemdir bárust.

g. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár lögð fram til samþykktar.

JJS fór yfir fjárhagsáætlun næsta árs þar sem gert er ráð fyrir að jafnvægi verði í rekstri félagsins. GÖG fór yfir fjárhagsáætlun Orlofsheimilasjóðs þar sem gert er ráð fyrir að rekstrarafkoma verði í samræmi við tekjur sjóðsins. Óskað var eftir umræðu eða athugasemdum við framlagðar áætlanir. Engar athugasemdir bárust.

h. Tillögur að lagabreytingum.

GÖG fór yfir tillögur stjórnar til breytinga á lögum félagsins sem snéru að 11. grein um svæðaskipulag deilda félagsins, þ.e. hjá svæðisdeild Norðurlands vestra og Vesturlands, að grein 28. um fjölda fulltrúa í kjörstjórn fari úr því að vera fimm í þrjá og varafulltrúar fari úr því að vera þrjár í einn, og 33. grein um orlofsheimila- og ferðanefnd, orðalagsbreyting fari úr því að vera orlofsferðir og verði orlofskostir.

i. Starfsreglur fyrir sjóði og deildir félagsins eða breytingar á þeim.

GÖG fór yfir tillögur stjórnar til breytinga á reglum svæðisdeilda, lífeyrisdeildar, Vinnudeilu- og verkfallssjóðs og Orlofsheimilasjóðs.

Tillögur að breytingum á reglum svæðisdeilda voru efnislega í samræmi við uppfærð lög Sjúkraliðafélags Íslands, sem samþykkt voru á 29. fulltrúaþingi.

Tillögur að breytingum lífeyrisdeildar voru efnislega að færa orðalagið í átt að samtímanum og skýra betur markmið og viðfangsefni deildarinnar.

Tillögur að breytingum á reglum Vinnudeilu- og verkfallssjóðs voru efnislega að færa þurfti ábyrgðarsvið fulltrúa í Vinnudeilu- og verkfallsnefnd félagsins yfir til stjórnar félagsins.

Tillögur að breytingum á reglum um Orlofsheimilasjóð voru efnislega að færa þurfti ábyrgðarsvið fulltrúa í Orlofs- og ferðamálanefnd félagsins yfir til stjórnar félagsins.

Óskað var eftir athugasemdum og umræðu um tillögurnar sem lágu fyrir þinginu. Engar athugasemdir bárust.

j. Lýst formannskjöri.

HBF tilkynnti að eitt framboð hefði borist til kjörstjórnar, frá Söndru B. Franks sitjandi formanni. Hún lýsti því yfir að Sandra sé endurkjörin formaður til næstu þriggja ára. SBF þakkaði félagsmönnum traustið sem þeir sýndu með því að tefla ekki fram mótframboði, og fagnaði áframhaldandi samstarfi með sjúkraliðum.

Forseti þingsins boðaði hádegishlé

Ávarp Svandísar Svavarsdóttur, heilbrigðisráðherra

SBF bauð Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra velkomna til fulltrúaþings Sjúkraliðafélagsins. Ræðu Svandísar má nálgast [HÉR](#).

Kveðja til Birnu Ólafsdóttur

GÖG flutti kveðjuræðu og bar fyrir kveðju frá Gunnari Gunnarssyni eldri, fyrrverandi framkvæmdastjóra félagsins, sem hafði átt farsælt samstarf með Birnu í árdögum félagsins. BÓ fluttu innihaldsríka og kjarnyrta kveðjuræðu og þakkaði samstarfið sem hún hefur átt síðustu 35 ár með sjúkraliðum og Sjúkraliðafélaginu. Þá voru fluttar kveðjur á myndbandi frá völdum samstarfsfélögum BÓ sem hún hefur átt í gegnum árin. SBF flutti að lokum kveðjuræðu og þakkaði BÓ fyrir allt það mikilvæga starf sem hún hefur unnið að í gegnum árin fyrir félagið, og þá einkum í menntamálum fyrir sjúkraliða, færði henni fyrir hönd félagsins blóm og gjafabréf.

k. Kosning til stjórnar. Kosið er í embætti varaformanns, ritara og gjaldkera, auk varamanna í störf gjaldkera og ritara.

GÖG gerði grein fyrir fyrirkomulagi á rafrænum kosningum þingsins. Kjörnir þingfulltrúar þurftu að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum. Í kjölfarið var opnað fyrir rafrænar kosningar.

Jakobína Rut Daníelsdóttir (JRD), formaður uppstillingarnefndar fór yfir tillögur nefndarinnar að uppstillingu í stjórn og nefndir félagsins. Samþykktar tillögur um nefndarmenn má nálgast [HÉR](#).

Sandra B. Franks, endurkjörin formaður félagsins til næstu þriggja ára, Jóhanna Traustadóttir, ritari, Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri og Ólöf Jóna Friðriksdóttir, varamaður í stjórn, gáfu allar kost á sér til áframhaldandi setu í framkvæmdastjórn SLFÍ til ársins 2023.

I. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og jafn margra til vara.

Tillaga er um að Anna Spalevic komi ný inn til ársins 2022 í stað Maríu Þórarinsdóttur. Ólafía Ingvarsdóttir gefur kost á sér áfram til 2022. Guðlaug Þráinsdóttir og Ásdís María Jónsdóttir gefa kost á sér áfram sem varamenn til ársins 2022.

m. Kosning fastanefnda samkvæmt lögum félagsins, þ.m.t. fulltrúa félagsins á bandalagsþing og aðalfundi BSRB.

- Tillaga að fulltrúum Sjúkraliðafélags Íslands á þing BSRB 2021:
Sandra B Franks, Kristín Ólafsdóttir, Jóhanna Traustadóttir, Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, Birna Ólafsdóttir, Þórhildur Una Stefánsdóttir, Inga Lilja Sigmarsdóttir, Jóhanna G Þórðardóttir, Guðrún Elín Björnsdóttir, Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Helga Sveinsdóttir, Helga Sigríður Sveinsdóttir, Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir, Ólöf Jóna Friðriksdóttir, Jakobína Rut Daníelsdóttir, Sigríður Haraldsdóttir, Hulda Birna Frímansdóttir.
- Tillaga um varafulltrúa Sjúkraliðafélags Íslands á þing BSRB 2021:
Guðrún Lárusdóttir, Freydís Anna Ingvarsdóttir, Lára María Valgerðardóttir, Sjöfn Þórgrímsdóttir, Kristín Helga Stefánsdóttir, Halldóra Lydía Þórðardóttir, Sigurður Guðmann Diðriksson, Þórunn M J H Ólafsdóttir, Ásdís Þorsteinsdóttir, Þórdís Hannesdóttir, Hulda Ragnarsdóttir, Þórunn Arnardóttir, Ólöf Adda Sveinsdóttir, Steinunn Svanborg Gísladóttir, Anna Spalevic, Sigurlaug Ingimundardóttir, Sigurlaug Björk J Fjeldsted
- Tillaga að fulltrúum SLFÍ á aðalfund BSRB 2021:
Sandra B. Franks, Kristín Ólafsdóttir, Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, Jóhanna Traustadóttir og Birna Ólafsdóttir.

GÖG gerði grein fyrir niðurstöðu atkvæðagreiðslu að lokinni kosningu. Allar framlagðar tillögur fyrir þingið voru samþykktar samhljóða, að undanskildum einum fulltrúa sem sat hjá við afgreiðslu tillögu uppstillingarnefndar um gjaldkera, ritara og varamann í starf ritara framkvæmdastjórnar.

SBF minnti á að ályktanirnar sem lögju fyrir þinginu hefðu verið sendar með tölvupósti til þingfulltrúa. Engar formlegar athugasemdir hefðu borist. Í umfjöllun kom fram að bæta

mætti orðalag í einni ályktun og var brugðist við því. Ályktanirnar voru því bornar upp til samþykktar eða synjunar. Ályktanir voru samþykktar samhljóða. Hægt er að nálgast *Ályktun um mönnunarstefnu*, *Ályktun um forgangsrétt til sérhæfða starfa*, og *Ályktun um fagráð á hjúkrunarheimilum* á heimasíðu félagsins, eða [HÉR](#).

n. Önnur mál.

GÖG fór yfir stöðuna á innleiðingarferli betri vinnutíma og kynnti [samkomulag](#) sem gert hafði verið við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) vegna fyrirbyggjandi vaktaskráa eftir styttingu vinnuvikunnar, sem mikil óánægja er með. Samkomulagið er um að þetta fyrirkomulag sé tímabundið og að þeir sem geti ekki sætt sig við vaktaplanið geti fengið því breytt. Að loknum reynslutímanum geta þeir sjúkraliðar sem vilja einungis vinna átta klukkustunda vaktir fengið að gera það. GÖG fór einnig yfir að víðast hvar virðist innleiðing styttri vinnuviku hafa gengið vel og verkefnastjórn um betri vinnutíma hafi gefið út verkferla sem unnið verði eftir ef launagreiðslur um mánaðamótin maí - júní verða ekki í takt við rökstuddar væntinga.

GÖG og BÓ þökkðu fyrir góð og uppbyggileg þingstörf þingfulltrúa.

SBF formaður, þakkaði fyrir innihaldsríkt stefnumótandi fulltrúaping, og góða þátttöku og uppbyggilegar umræðu, og deildi jafnframt gleði sinni yfir áframhaldandi samstarfi, og sleit fulltrúapingi kl. 14.45.